



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 19. apríl 2021

**Leikmannaskiptingar í 2. og 3. aldursflokki
Ákvæði til bráðabirgða vegna aðgönguskírteina árið 2021
Fyrirkomulag á greiðslu ferðapáttökugjalds árið 2021
Landsliðs- og heiðursviðurkenningar**

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 15. febrúar sl., samþykkti stjórn breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini, reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald 2020-2022. Þá samþykkti stjórn KSÍ nýja reglugerð KSÍ um landsliðs- og heiðursviðurkenningar.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

1. Leikmannaskiptingar í 2. og 3. aldursflokki.
2. Ákvæði til bráðabirgða í reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini
3. Fyrirkomulag á greiðslu ferðapáttökugjalds árið 2021
4. Ný reglugerð um landsliðs- og heiðursviðurkenningar

Eftirfarandi er yfirlit og samantekt yfir breytingarnar:

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.

Það sem samþykkt hefur verið að falli út er **yfirstrikað**

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

Eftirfarandi breytingar hafa verið samþykktar á greinum 24, 25, 30 og 31.:

24.gr.

2. flokkur karla

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að hverju liði er aðeins heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálfleik. Þegar um framlengingu er að ræða er hverju liði heimilt að nota eina leikstöðvun til viðbótar til leikmannaskipta en einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til leikmannaskipta. með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

25.gr.

3. flokkur karla

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að hverju liði er aðeins heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálfleik. Þegar um framlengingu er að ræða er hverju liði heimilt að nota eina leikstöðvun til viðbótar til leikmannaskipta en einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til leikmannaskipta. með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

30.gr.
2. flokkur kvenna

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að hverju liði er aðeins heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálfleik. Þegar um framlengingu er að ræða er hverju liði heimilt að nota eina leikstöðvun til viðbótar til leikmannaskipta en einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til leikmannaskipta. með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

31.gr.
3. flokkur kvenna

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að hverju liði er aðeins heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálfleik. Þegar um framlengingu er að ræða er hverju liði heimilt að nota eina leikstöðvun til viðbótar til leikmannaskipta en einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til leikmannaskipta. með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

Greinargerð/Samantekt:

Breytingar þessar eru tilkomnar vegna samþykka á ársþingi KSÍ 2021. Um ræðir [bingskjal nr. 12](#) sem lagt var fram af ÍA. Eftirfarandi kemur fram kemur í greinargerð ÍA:

Með þessari breytingu getur þjálfari óskað eftir leikstöðvun til leikmannaskipta að hámarki þrisvar sinnum í venjulegum leiktíma í síðari hálfleik en til viðbótar getur hann nýtt leikhléið til leikmannaskipta jafnframt því að gera skiptingar í fyrri hálfleik. Á hvaða tímapunkti leiksins sem er getur þjálfari þannig ákvarðað hve margar skiptingar hann gerir, allt frá því að gera eina skiptingu upp í sjö í einu. Komi til framlengingar og hafi þjálfari ekki notað alla skráða varamenn getur hann óskað eftir einni leikstöðvun til skiptinga til viðbótar við þær leikstöðvanir sem hann nýtti ekki í síðari hálfleik. Auk þess getur hann nýtt til hlé milli leiks og framlengingar og stutta hléið sem er á milli hálfleikja í framlengingu. Þessi breyting gefur þjálfurum aukið svigrúm og getur gefið fleiri varamönnum möguleika á þátttöku.

**REGLUGERÐ KSÍ
um aðgönguskírteini**

Samþykkt var nýtt ákvæði 5.2. til bráðabirgða.:

5.gr.
Gildistaka

- 5.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein.
Ákvæði til bráðabirgða 2021
- 5.2. *Á meðan í gildi eru fjöldatakmarkanir sem miða við færri en 500 (fimm hundruð) áhorfendur á hverju svæði/rými gilda aðgönguskírteini sem gefin eru út vegna keppnistímabilsins 2021 ekki og heimila því ekki endurgjaldslausan aðgang að knattspyrnuleikjum.*

Greinargerð/Samantekt:

Nýtt ákvæði til bráðabirgða er samhljóma ákvæði og var sett til bráðabirgða í sömu reglugerð fyrir árið 2020. Stjórn KSÍ hefur ákveðið að á meðan í gildi eru fjöldatakmarkanir sem miða við færri en 500 (fimm

hundrað) áhorfendur á hverju svæði/rými gilda aðgönguskírteini sem gefin eru út vegna keppnistímabilsins 2021 ekki og heimila því ekki endurgjaldslausan aðgang að knattspyrnuleikjum.

Reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald 2020-2022

Samþykkt var nýtt ákvæði 6 til bráðabirgða.:

Ákvæði til bráðabirgða 2021

6. gr.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar KSÍ 18. febrúar 2021 gilda eftirfarandi viðmið fyrir árið 2021 þrátt fyrir ákvæði í 2. grein í reglugerðinni:

- *Nettó ferðakostnaður á hvert lið verði kr. 95.000,-,*
- *Kílómetragjald verði kr. 225,-,*
- *Hlutfallsgreiðsla 100%.*

Ferðapáttökugjald (hlutur félags) verður ekki innheimt á árinu 2021 skv. ákvörðun stjórnar KSÍ. KSÍ greiðir þeim félögum sem eignast inneign vegna ferðapáttökugjalds í samræmi við ákvæði reglugerðar.

Greinargerð/Samantekt:

Um er að ræða tillögur unnar af stjórn KSÍ. Samkvæmt ákvörðun stjórnar KSÍ þann 18. febrúar sl., verður ferðapáttökugjald **ekki innheimt** á árinu 2021. Útreikningur á ferðakostnaði miðast við vegalengdir á milli keppnisstaða og það kílómetragjald sem stjórn KSÍ ákveður fyrir keppnislið í heild sinni ár hvert. Kílómetragjald sem ákveðið hefur verið af stjórn KSÍ árið 2021 er kr. 225,- og er nettókostnaður á hvert félag samkvæmt því kr. 95.000,-.

Þau félög sem eignast inneign vegna ferðapáttökugjalds í samræmi við útreikning á ferðapáttökugjaldi fyrir árið 2021 munu fá inneign greidda frá KSÍ. Útreikningur á ferðapáttökugjaldi fylgir þessu dreifibréfi.

Vakin er athygli á því að framangreind ákvörðun um fyrirkomulag ferðapáttökugjalds er tímabundin og nær eingöngu til ársins 2021.

Ný reglugerð um landsliðs- og heiðursviðurkenningar hefur verið samþykkt:

REGLUGERÐ KSÍ um landsliðs – og heiðursviðurkenningar

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands veitir viðurkenningar til þeirra sem leikið hafa með landsliðum Íslands og þeirra sem unnið hafa að framgangi knattspyrnuíþróttarinnar skv. eftirfarandi:

1. gr.

Viðurkenningar til landsliðsleikmanna kvenna og karla:

Nýliðamerkið:

Nýliðamerkið á hvítum grunni með rauðum stöfum skal sæma þá knattspyrnuleikmenn, sem leika í fyrsta sinn með landsliði Íslands í milliríkjaleikjum, þó ekki A-landsliði.

Landsliðsmerkið:

Landsliðsmerkið á gylltum grunni með bláum bókstöfum skal sæma þá knattspyrnuleikmenn sem leika í fyrsta sinn í A-landsliði Íslands í milliríkjaleikjum.

Knattspyrnustytta KSÍ fyrir 50 landsleiki:

Knattspyrnustyttu skal veita í viðurkenningaskyni þeim knattspyrnuleikmönnum sem náð hafa að leika 50 A-landsleiki,

Heiðursviðurkenning fyrir 100 landsleiki:

Sérhannað listaverk skal veita í viðurkenningaskyni þeim knattspyrnuleikmönnum sem náð hafa að leika 100 A-landsleiki.

2. gr.

Viðurkenningar fyrir störf innan knattspyrnuhreyfingarinnar

Heiðursmerki úr silfri:

Heiðursmerki þetta veitist þeim sem unnið hafa vel og dyggilega að eflingu knattspyrnuíþróttarinnar í áratug eða lengur.

Heiðursmerki úr gulli:

Heiðursmerki þetta veitist aðeins þeim einstaklingum, sem unnið hafa knattspyrnuíþróttinni langvarandi og þýðingarmikil störf.

Heiðurskross úr gulli í borða með íslensku fánalitunum:

Heiðurskross þessi, sem er æðsta heiðursmerki KSÍ, veitist aðeins undir alveg sérstökum kringumstæðum þeim einstaklingum, sem unnið hafa knattspyrnuíþróttinni ómetanlegt gagn.

Heiðurskrossi skal einnig fylgja sérstakt heiðurskjal.

Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar Knattspyrnusambands Íslands, skulu einir hafa rétt til þess að bera þær og er þeim ekki heimilt að láta þær af hendi.

3.gr.

Viðurkenningar til aðila utan knattspyrnuhreyfingarinnar.

Heiðursviðurkenning:

Stjórn KSÍ getur veitt aðilum utan knattspyrnuhreyfingarinnar og erlendum knattspyrnuleiðtogum sérstaka heiðursviðurkenningu fyrir mikilvæg störf sem stuðla að vexti og viðgangi knattspyrnunnar á Íslandi.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um landsliðs- og heiðursviðurkenningar.

Greinargerð/Samantekt:

Reglugerð þessi var unnin af stjórn KSÍ eftir endurskoðun á eldri reglugerð um landsliðs- og heiðursviðurkenningar. Að mati stjórnar KSÍ var tímabært að færa reglugerðina til betri vegar og í nútímalegra horf. Ákvæði í nýrri reglugerð, sem eru fjögur í heild, skýra sig sjálf.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.